

Breytingartillögur

við frv. til l. um háskóla.

Frá minni hluta menntamálanefndar (BjörgvS, EMS, KolH, MÁ).

1. Í stað fyrri málsliðar 3. mgr. 2. gr. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Háskólar ráða sjálfir málefnum sem þeim eru falin lögum samkvæmt. Þeim ber að standa vörð um akademískt frelsi og þeim verða ekki gefin bindandi fyrirmæli af hálfu stjórnvalda eða hagsmunaaðila um viðfangsefni, aðferðir og efnistöð við kennslu, rannsóknir, þekkingarleit eða sköpun.
2. Á eftir 1. másl. fyrri málsgreinar 15. gr. komi nýr málsliður sem orðist svo: Tryggt skal að í háskólaráði sitji fulltrúar kennara og nemenda.
3. Á eftir 3. mg. 19. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Háskólum er skylt að veita fötluðum nemendum, samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins.